

## 5. gr.

Stjórn félagsins skal kosin nú þegar, og svo framvegis á aðalfundi, er haldinn skal eigi síðar en í febrúar ár hvert. Skal þá leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar. Reikningsár félagsins er almanaksárið og eru öll gjöld félagsins fallin í gjalddaga í lok þess.

65

1. júlí

## 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 5—20 krónum, er renna í sýslusjóð.

## 7. gr.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem almenn lög-reglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt girðingalögum nr. 66, 22. nóvember 1913 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júlí 1931.*

S. Kristinsson.

*Vigfús Einarsson.*

## S A M Þ Y K K T

fyrir

Fiskiræktarfélag Árnesinga.

66

9. júlí

## 1. gr.

Félagið heitir Fiskiræktarfélag Árnesinga. Heimili þess og varnarþing er í Tryggvaskála í Sandvíkurhreppi.

## 2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskimagn Ölfusár og áa þeirra, er í hana falla, svo sem með klaki, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

## 3. gr.

Félagssvæði eru allar þær jarðir, sem land eiga að Ölfusá, Soginu upp að Kistufossi, Hvítá að Gullfossi, Brúará að Hlaupungufossi, Stóruhá og Minnihá allt til afréttar. Eitt atkvæði komi fyrir hverja jörð, en ef fleiri eru eigendur en einn, þá skal hver hlutaðeigandi eiga atkvæðisrétt í félaginu. Nú þykir

**66** sýnilegt, að engin veiði verði fyrir landi jarðar á félagssvæðinu, og getur þá að-  
 9. júlí alfundur undanþegið jarðeiganda frá félagsskyldu, enda óski hann þess skriflega og félagsstjórn mæli með því, að fengnu álitu kunnugra manna og dómbærra.

Nú kemur upp veiði á jörðinni síðar, og er þá eiganda skylt að gerast félagi. Skal hann þá greiða félaginu að fullu þá veiðiaukningu, sem þá er orðin fyrir landi jarðareiganda og þakka má aðgerðum félagsins, að mati dómkvaddra manna.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, ritari, féhirðir og 2 meðstjórn-  
 endur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til 2 ára í senn, 2 og 3 til skiptis, og skulu þeir ganga frá stjórn eftir eitt ár að viðhöfðu hlutkesti. Stjórn skal kjósa skrif-  
 lega og endurskoðendur.

Enginn lögmaður félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lög-  
 mæt forföll banni eða hann hafi setið 4 ár í stjórn. Formann skal kjósa sér-  
 staklega á aðalfundi, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Þá skulu  
 og kosnir 2 menn í varastjórn.

#### 5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins millum aðalfunda.  
 Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, hefir yfirumsjón með öll-  
 um störfum félagsins og fjárreiðum, boðar til funda og stýrir þeim. Ritari ritar  
 fundarbækur og skjöl félagsins. Féhirðir annast um fjárreiður félagsins og geym-  
 ir sjóð þess.

#### 6. gr.

Aðalfundur skal haldinn í maímánuði ár hvert. Skal hann boðaður skrif-  
 lega eða með auglýsingu með 4 vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef  $\frac{1}{5}$   
 félagsmanna er mættur. Nú er aðalfundur ekki lögmaður, skal þá boða til hans  
 á ný með viku fyrirvara og er þá fundurinn ávallt lögmaður. Á aðalfundi skýrir  
 stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram til úrskurðar endur-  
 skoðaða reikninga félagsins yfir það ár. Aðalfundur kys stjórn og endurskoð-  
 endur reikninga félagsins, og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á kom-  
 andi ári. Aðalfundur hefir æðsta úrskurðarvald í öllum málum félagsins. Afl  
 atkvæða ræður úrskurðum aðalfundar, nema breytingum á samþykkt og félagsslit.

#### 7. gr.

Stjórn félagsins boðar til funda þegar henni þykir þurfa eða  $\frac{1}{4}$  félags-  
 manna óskar þess skriflega til félagsstjórnar, að tilgreindu fundarefni.

#### 8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 9. gr.

Semja skal skrá, er sýni hundraðshluta þann af stofnkostnaði og árs-kostnaði, er hver félagsmaður á að greiða, samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929. Gjaldskrá skal lögmaður félagsfundur samþykkja; um hana ræður afl atkvæða.

66

9. júlí

Á samþykkt og gjaldskrá skal leita staðfestingar stjórnarráðsins.

Gjalddagi allra gjalda félagsins er 12. október.

## 10 gr.

Brot gegn samþykkt þessari eða reglum þeim, er félagið kann síðar að setja, varða allt að 200 króna sektum, er renni í félagssjóð.

Mál út af brotum á samþykkt þessari skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

## 11. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, þó því aðeins, að tveir þriðju fundarmanna samþykki.

## 12. gr.

Nú þykir æskilegt að slita félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir samþykkja félagsslit með  $\frac{2}{3}$  fundarmanna. Ef félagið þá er í skuld, skal jafna henni niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá. Eignir þær, sem félagið kynni að eiga, skulu ávaxtast í sýslusjóði Árnassýslu, unz samskonar félagsskapur tekur til starfa á þessu svæði.

Framanskráð samþykkt er sett samkvæmt lögum nr. 6, 14. júní 1929, um fiskiræktarfélag, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júlí 1931.*

**S. Kristinsson.**

---

*Vígfús Einarsson.*